



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 4. september 2020

RMF20080001

4.2.2

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til styrkþega vegna aflýsingar Menningarnætur 2020 - R20080056**

Þann 13. ágúst lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Nú þegar menningarnótt hefur verið blásin af samkvæmt fréttatilkynningu borgarstjóra þá vakna margar spurningar m.a. hvort samþykktar umsóknir í Menningarnæturpott Landsbankans verði ekki greiddar til styrkþega. Styrkþegar hafa allir undirritað samninga þess efnis að þeir skuldbinda sig til að halda samþykktan viðburð. Reykjavíkurborg hefur nú tilkynnt styrkþegum einhliða að listamenn komi ekki fram vegna þess að hætt er við menningarnótt. Mikil vinna hefur farið í verkefnin sem valin voru og má segja að styrkirnir séu borgun fyrir æfingatíma og útlagðan kostnað aðila sem standa að verkefnum og er því um algjöra vanefnd á samningum að ræða af hálfu borgarinnar ef ekki verður greitt, því er spurt: 1. Verður ekki staðið við greiðslur til styrkþega eins og samningar kveða á um? 2. Ef ekki – á hvaða forsendum er ekki greitt til styrkþega þar sem Reykjavíkurborg tók þessa ákvörðun einhliða? 3. Er það ekki brot á samningarétti að greiða styrkina ekki út þar sem auðveldlega hefði verið hægt að halda marga af þessum viðburðum þrátt fyrir fjöldatakmarkanir við 100 manns? 4. Mikil vinna hefur farið í verkefnin sem valin voru og má segja að styrkirnir séu borgun fyrir æfingatíma aðila sem standa að verkefnum og er því um algjöra vanefnd á samningum að ræða af hálfu borgarinnar.*

Þann 18. ágúst sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála veitti svör í hjálögðu minnisblaði dagsettu 2. september 2020.

Huld Ingimarsdóttir

staðgengill sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Minnisblað Sifjar Gunnarsdóttur skrifstofustjóra menningarmála



Reykjavík 2. september 2020

Tilvísun í mál: R20080056

***Minnisblað vegna fyrirspurnar í BORGARRÁÐI 13. ágúst 2020 um greiðslur til styrkþega vegna aflýsingar Menningarnætur 2020 - R20080056***

Sökum þess ástands sem hér hefur skapast sökum Covid-19 var lengi vel óljóst hvort Menningarnótt yrði haldin og ef af hátíðahöldum yrði, í hvaða mynd myndu þau vera. Eftir tilslakanir í samkomubanni í lok maí og vel heppnaða útfærslu af 17. júní, ríkti ákveðin bjartsýni í verkefnastjórn Menningarnætur og á fyrsta verkefnisstjórnarfundum 18. júní síðastliðinn var tekin sú ákvörðun að vinna með hugmynd um 10 daga Menningarnótt, 13. – 23. ágúst. Slíkt skipulag átti að auðga miðborgina með menningu og listum en um leið að dreifa viðburðum yfir lengra tímabil og koma þannig í veg fyrir óæskilega hópamyndun á Covid tímum. Landsbankinn, helsti styrktaraðili Menningarnætur, var afar sáttur við þessa nálgun. Á þessum tíma stóðu vonir til þess að 1000 til 2000 manns mættu koma saman í ágúst sem hefði gert marga viðburði mögulega.

Menningarnæturpottur Landsbankans var auglýstur 19. júní og hægt að sækja um styrki í hann til 3. júlí. Á umsóknartímanum bárust 177 umsóknir og af þeim varð verkefnastjórnin ásátt um að veita 36 verkefnum styrki. Haft var samband við styrkþega á tímabilinu 10 – 14. júlí og samningar gerðir í framhaldinu. Öllum styrkþegum Menningarnætur var fullkomlega ljóst að ákveðin óvissa ríkti um hátíðina, þrátt fyrir bjartsýnina og að mögulega gætu áætlanir breyst. Viðburðateymi menningar- og ferðamálasviðs voru í góðu sambandi við Almannaþinginn og allar tillögur ræddar á fundum viðburðateymis og almannaþinganna.

Í lok júlí voru reglur um samkomubann hertar aftur í 100 manna fjöldatakmörkun og 2 metra nálægðartakmörkun. Þessar nýju reglur giltu til 13. ágúst, þegar áætlað var að hefja hátíðahöldin. Í samtölum við Almannaþinginn var ljóst að litlar líkur voru á því að reglurnar myndu rýmka eftir 13. ágúst. Því hafði viðburðateymið samband við styrkþega Menningarnætur 31. júlí til að vekja athygli á stöðunni og mæla með að rétt væri að slá undirbúningi á frest. Eins voru þau skilaboð sett út á Facebook síðu hátíðarinnar. Allir styrkþegar tóku þessum upplýsingum af skilningi.

Viðburðateymið vann á þessum tíma í nokkrum mismunandi sviðsmyndum, en 10. ágúst var sú ákvörðun tekin á fundi neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar að aflýsa skyldi Menningarnótt 2020. Þau skilaboð voru rakleiðis sett út á Facebook-síðu hátíðarinnar og samband haft við styrkþega og helstu samstarfsaðila sömuleiðis, en þá var liðinn mánuður síðan styrkþegar höfðu fengið upplýsingar um styrki og skrifað undir samninga, en í samningnum kemur frá í 1. gr. að „Styrkþegi skuldbindur sig til að framkvæma hið styrkveitta verkefni á Menningarnótt 2020, þ.e.a.s. á tímabilinu 13.-23. ágúst 2020.“

Fulltrúi Landsbankans í verkefnisstjórn Menningarnætur og viðburðateymið hafa skoðað mismunandi útfærslur á því hvernig koma megi til móts við styrkþega. Því þótt verkefnið hafi ekki verið langt á veg komin í undirbúningi, var í velflestum tilfellum búið að inna einhverja vinnu af hendi. Verkefnið sem hljóta áttu styrk eru sannarlega afar mismunandi en þó einkennast þau velflest af því að þau eru sköpuð til að vera partur af þeirri ótrúlega fjölbreyttu og litskrúðugu heild viðburða sem einkennir öðru fremur hátíðina Menningarnótt og hæpið að þau njóti sín á sama hátt, ef þau eru tekin úr því samhengi.

Skoðun Landsbankans og viðburðateymisins lauk með þeirri niðurstöðu að öll verkefni fengju 25% greidd af áætluðum styrk og verið er að ganga frá þeim greiðslum. Í framhaldi verður unnið að því að nýta menningarnæturpott Landsbankans í menningar- og listaverkefni í borginni í haust og vetur.

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála.